

Lyfjapróf

1. *Get ég neitað að fara í lyfjapróf?*

Ef þú neitar að gangast undir lyfjapróf er lítið á það eins og fall á lyfjaprófi sem getur haft í för með sér allt að fjögurra ára keppnis- og æfingabann.

2. *Hvað ber að hafa í huga þegar farið er í lyfjapróf?*

Íþróttamenn yngri en 18 ára þurfa að hafa einhvern fullorðinn með sér. Þetta er líka almennt góð regla erlendis (yfirleitt einhver á vegum félags/KSÍ) þrátt fyrir að viðkomandi íþróttamaður sé eldri en 18 ára.

Skoðaðu vel glasið sem þú velur fyrir prufuna. Farðu yfir hvort nokkuð gat sé á umbúðum (innsigli órofið), á glasinu eða aðrir gallar.

Láttu þína þvag- og blóðprufu aldrei hverfa þér úr augusýn fyrr en þú ert búin (-n) að innsigla þær. Mundu að bera gaumgæfilega saman númerin á sýnunum þínum við númerin í skjölunum þínum. Athugaðu að þetta er þín trygging og þú tryggir ekki eftir á.

3. *Hver er munurinn á A og B prufu?*

Í raun eru þetta sömu sýnin. Ef þú fellur á lyfjaprófi, þ.e. A sýni er jákvætt (adverse analytic finding), þá áttu rétt á að vera viðstaddur (-stödd) rof á innsigli B prufu en þarft að bera kostnað af því. Þannig getur þú gengið úr skugga um að innsiglin á sýnaglösunum þínum hafi ekki verið rofin og ekki verið átt við prufurnar þínar. Mjög mikilvægt er að hafa aldrei augun af prufunum sínum í lyfjaprófi fyrr en þær hafa verið innsiglaðar.